

## Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur ásamt 2 undir rekstri málsins fyrir bæjarþinginu uppkveðnum úrskurðum á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn vicekonsúll J. P. Brillouin hinum stefnda, yfirdómara Jóni Jenssyni, 30 krónur.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 34/1910:

Tryggvi Gunnarsson fyrir.  
bankastjóri  
gegn  
Birni Jónssyni, ráðherra.

## D ó m u r:

Í blaðinu Lögréttu 4. árg. 54. tölubl., sem kom út 24. nóvbr. f. á., er prentuð grein með fyrirsögn »ofsóknin«, undirskrifuð Tryggvi Gunnarsson, og er viðurkennt, að höfundur hennar sé áfrýjandi þessa máls, Tryggvi Gunnarsson, fyrverandi bankastjóri. Er í grein þessari gjörð að umtalfeni stjórnarráðstöfun 22. nóvbr. f. á., er áfrýjanda og meðstjórnendum hans við landsbankann var vikið frá störfum þeirra við bankann. Með því að Björn Jónsson ráðherra áleit, að í greininni væru ýms ærumeiðandi ummæli um sig, höfðaði hann mál þetta á hendur

áfryjanda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur fyrir meiðyrði, og var málið dæmt þar 12. maí þ. á., á þá leið, að áfryjandi skyldi greiða 200 kr. sekt í landssjóð eða sæta 35 daga einföldu fangelsi ef sektin væri ekki greidd á réttum gjalddaga, og í málskostnað skyldi hann greiða stefnda 20 krónur. Af hinum átöldu ummælum í greininni voru talin meiðandi og móðgandi og dæmd dauð og ómerk þau, er hér greinir: »Mikið hrakmenni er hann, B. J., fyrst að reka mennina frá án saka, og svo festa upp á götunum róg og lygar um þá« — »O, nokkuð svo, verra ætlaði ráðherrann sér að hafa það, hann er búinn að láta leita að glæp síðan í apríl og ætlaði að tylla honum þarna niður, en smalarnir hafa ekki reynst fundvisir. Þið standið hér óánægðir yfir því, hve auglýsingin er svívirðileg, en hann situr heima í ráðherrastólnum sár-óánægður yfir því, að geta ekki auglýst eitthvað mergjað annað en þessa gömlu, vanalegu Ísafoldarlygi, sem gjörir aðra tortryggilega, en sannanirnar vanta«. »Líklega kemur fáum mönnum til hugar, að vandlæting ráðherrans við bankastjórnina sé sprottin af umhyggju fyrir hag bankans«. »Alt þetta vafstur ráðherra með rannsóknarnefnd og stjórnarafsetning er einungis sprottið af hatri til einstakra manna og hefndargirni« — »enginn veit nema hann og eg, hve oft eg hefi hindrað hann frá að koma fram skemdarverkum sínum gegn föðurlandi okkar þeggja« — »en hvort það er ráðvendni að nota opinberar stofnanir til hefndarverka« — »það er hans siður, þegar hann er að gæða vinum sínum eða hefna sín á óvinum, þá tekur hann fé úr landssjóði« — »en þegar eg minnst á æfisögu, þá kemur mér í hug, hvort B. J. hafi aldrei hugkvæmst það, að æfisaga hans verði dálítið



keimlík æfisögum Gissurar Þorvaldssonar og Marðar gamla«.

Þessum dómi hefir áfryjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. júní þ. á., og krafist þess aðallega, að málinu verði vísað frá undirrétti að því er snertir öll hin umstefndu ummæli í greininni, önnur en þau, sem eru í kaflanum, er byrjar á orðunum: »O, nokkuð svo« og endar á orðunum: »í stjórnarlíkkistuna sína« og að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnda um ómerking ummæla í þessum greinarkafla og sekt fyrir þau, en *til vara*, að verða algjörlega sýknaður af kröfum stefnda um ómerking ummæla, allra þeirra er stefnt er um, og refsing fyrir þau, og hvernig sem málið fer, krefst hann að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi gjörir hins vegar þær kröfur, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Krafa áfryjanda um frávisun málsins að nokkru leyti frá undirréttinum, byggist á því, að hin átöldu ummæli, önnur en þau, sem standa í greinarkafnanum, «O, nokkuð svo — stjórnarlíkkistuna sína«, hafi eigi verið lögð til sátta, því að þessi kafli einn sé í sáttakærunni talinn sérstaklega meiðandi og engin önnur ummæli þar tilgreind, og verði þetta eigi skilið á annan veg, en að í þeim kafla felist að áliti stefnda verstu meiðyrðin í greininni, þau er hann vilji láta leita sátta um, en hinum hafi hann viljað láta sleppa.

Í sáttakærunni tók stefndi það fram, að í hinni umstefndu grein væru ýms meiðandi ummæli um sig, og vildi hann sérstaklega nefna til kaflann: »o nokkuð svo«

— stjórnarlíkkistuna sína«, auk annara orðatiltækja víðar í greininni, og beiddist þess, að reynt væri að koma á sætt milli sín og áfrýjanda út af þessu.

Þessi lýsing sakarefnisins í sáttakærunni tekur yfir öll þau ummæli greinarinnar, er stefndi telur meiðandi fyrir sig, og með því að öll hin umstefndu ummæli standa í greininni, verður að gera ráð fyrir, að sátta hafi verið leitað um þau, enda er ekkert fram komið í málinu, er bendi til, að svo hafi eigi verið. Frávísunarkrafan verður samkvæmt þessu eigi tekin til greina.

Um sakarefnið sjálft, efni hinnar umstefndu greinar, verður að telja það rétt, að framangreind ummæli um stefnda öll eru talin í hinum áfrýjaða dómi meiðandi og óvirðandi, og eru þau það því fremur, er þau eru viðhöfð um mann í stöðu stefnda. Áfrýjandi hefir eigi sannað eða leitt næg rök að því, að ummæli þessi séu réttmæt eða afsakanleg, og verður því eftir kröfu stefnda að dæma þau dauð og ómerk, láta áfrýjanda sæta ábyrgð fyrir þau og verður að ákveða hana, eins og gjört er í dómnum, eftir 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, og með því að sektin, 200 kr., þykir eigi of hátt metin, og vararefsingin hæfilega sett 35 daga einfalt fangelsi, ber að staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans.

Eftir þessum úrslitum verður að telja rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera.

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Tryggvi Gunnarsson fyrverandi bankastjóri,



greiði stefnda, Birni Jónssyni ráðherra, 25 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 5. dag septembermán.

Nr. 14/1910:

Ráðherra Íslands  
fyrir hönd landssjóðs  
gegn  
J. V. Havsteen.

#### D ó m u r:

Þegar gufuskipið Vesta hafnaði sig í Fáskrúðsfirði 12 marz f. ár, hafði það meðferðis ýmisleg vínföng og ölföng til hins stefnda, etazráðs J. V. Havsteen, og var tollur greiddur af vörum þessum þar á staðnum samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1901. En eftir að út voru komin lög nr. 3 31. marz 1909 um bráðabirgðarhækkun á aðflutningsgjaldi, lagði stjórnarráðið fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra að reikna og heimta tollinn eftir þessum lögum; var stefndi samkvæmt því krafinn um aukagjald eftir 3. gr. þessara laga, er reiknaðist 549 kr. 43 aur., og er hann neitaði að greiða það, var þess krafist af bæjarfógetanum á Akureyri, að hann tæki aukagjald þetta lögtaki hjá stefnda. En með úrskurði, kveðnum upp í fógetarétti Akureyrarkaupstaðar 3. nóvbr. f. ár, neitaði